

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 28/1998, um verslunaratvinnu, með síðari breytingum (fylgiréttargjald).

(Eftir 2. umr., 8. des.)

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 6. mgr. fellur brott.
- b. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr.“ í 7. mgr. kemur: 23. gr. a.

2. gr.

Við löginn bætist ný grein, 23. gr. a, sem orðast svo:

Á málverk, myndir og listmuni, sem seldir eru á listmunauppbodum, skal leggja gjald er renni til listamanna eða erfingja þeirra samkvæmt höfundalögum.

Gjaldið skal vera í íslenskum krónum og reiknast þannig:

1. 10% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum;
2. 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 evru upp í 50.000 evrur;
3. 3% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 50.000,01 evru upp í 200.000 evrur;
4. 1% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 200.000,01 evru upp í 350.000 evrur;
5. 0,5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 350.000,01 evru upp í 500.000 evrur;
6. 0,25% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar fjárhæð umfram 500.000 evrur.

Gjaldið skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en sem samsvarar 12.500 evrum.

Gengið skal miðað við sölugengi á söludegi.

Sé höfundaréttur fallinn niður eða fénu verður ekki ráðstafað rennur það til styrkja eða starfslauna handa myndlistarmönnum.

Menntamálaráðherra getur sett nánari reglur um fylgiréttargjald og kveðið þar á um viðurlög við brotum á reglunum, sbr. 24. gr. Um undanþágu frá virðisaukaskatti vegna sölu á listmunauppbóði vísast til 4. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

3. gr.

Lög þessi innleiða listmunauppbóðsákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks (fylgirétt).

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2006.